



Makar Sankranti

Í Paush mánuði (des./jan.) halda hindúar upp á það að daginn tekur að lengja á norðurhveli jarðar og veturinn því kvaddur. Hátíðin er þekktust undir nafninu Makar Sankranti er þó ekki kölluð það sama alls staðar. Einnig er mismunandi eftir landsvæðum hvernig hátíðarhöldin fara fram.



Í Gujarat og Maharashtra héröðum Indlands setja litríkir flugdrekar svip sinn á daginn þar sem jafnt ungir sem aldnir taka þátt í flugdrekkaleikjum.

Í Punjab héraði er hátíðin kölluð Lohri og þar safnast ættingjar og vinir saman við stóran varðeld og henda sælgæti, sykurreyr og hrís á eldinn.

Norðurhvel jarðar er sá hluti jarðar sem liggur norðan miðbaugs.

Sykurreyr er stórvaxin hitabeltisplanta sem sykur er unninn úr.

Í Uttar Pradesh héraði kallast hátíðin Kicheri. Þar er talið mikilvægt að baða sig þennan dag og fjöldi fólks baðar sig í Sangam við Prayagraj þar sem árnar Ganga, Jamuna og Saraswathi mætast.

Í Suður-Indlandi kallast hátíðin Pongal og er uppskeruhátíð sem endist í þrjá daga. Á fyrsta deginum er fátækum gefinn matur, föt og peningar auk þess sem regnguðinum eru færð hrísgrjón soðin í mjólk. Á öðrum degi er sólgúðinum færð sama fórn og á þriðja degi eru fjölskyldunautgripirnir heiðraðir fyrir erfiðisvinnu sína á ökrunum. Það er gert með því að baða þá, mála í skærum litum og skreyta með blómum og bjöllum. Með þessum gjöfum læra hindúar að vera ekki sjálfselskir heldur koma fram við alla með ást og virðingu og að hinn raunverulegi auður felst í kærleik, vináttu, náttúrunni og dýrunum sem gefa okkur svo margt.

Spurningar

1. Hverju er fagnað á Makar Sankranti?
2. Í hvaða vestrænu mánuðuðum gæti hátíðin verið haldin?
3. Hvað heitir hátíðin í Suður-Indlandi og hverju er verið að fagna þar?
4. Hver er tilgangurinn með öllum gjöfunum og fórnunum sem hindúar í Suður-Indlandi færa um þessa hátíð?